

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2017



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápumynd: Ferðamenn við Skútustaðagíga í Mývatnssveit.

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2017



Erlendir ferðamenn á Norðurlandi taka sjálfsmynd (selfie).

**Samantekt unnin fyrir
Markaðsstofu Norðurlands
apríl 2018**



Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erluhrauni 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	3
1.1	Kannanir sem stuðst er við	3
1.2	Úrvinnsla	3
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2017	5
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	5
2.2	Ferðamáti og farartæki	7
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	8
3.0	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2017	9
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum	9
3.2	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði	12
3.3	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði	15
3.4	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum	18
3.4.1	<i>Erlendir ferðamenn á norðausturhorninu</i>	21
3.5	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu	22

Helstu niðurstöður

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi

- Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 573 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Norðurland árið 2017 af alls 2.004 þúsund erlendum ferðamönnum til Íslands, eða 29% þeirra. Þar af hafi 360 þúsund komið að sumri (63%) en 213 þúsund utan þess (37%).
- Það þýðir að 49,5% erlendra sumargesta á Íslandi 2017 lögðu leið sína á Norðurland en um 17% erlendra gesta utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí og september 2017 er áætlað að 35-37% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 16-18% gesta í mars og apríl en 5-9% gesta yfir vetrarmánuðina janúar, febrúar, október, nóvember og desember.
- Áætlað er að 456 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2017 hafi gist þar í 3,1 nætur að jafnaði. Alls í 1.413 þúsund nætur, um 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Árið 2010 er hins vegar áætlað að 15% af erlendum gistinóttum hafi verið á Norðurlandi.
- Áætlað er að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.413 þúsund árið 2017, eða nær 2,7 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 1.003 þúsund að sumarlagi, eða 2,2 falt (115%), en úr 50 í 410 þúsund utan sumars, eða 8,2 falt.
- Áætlað er að 37% af erlendum gistinóttum á Norðurlandi árið 2017 hafi verið í Þingeyjar-sýslum, 35% Eyjafirði, 16% í Húnavatnssýslum og 12% í Skagafirði.

Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

- Áætlað er að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010 en 451 þúsund árið 2017. Samkvæmt því 3,3 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2017. Þetta þýðir að 22,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 18% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 284 þúsund árið 2017, eða 2,5 falt (150%). Hins vegar fjölgaði erlendum ferðamönnum þar utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 167 þúsund, eða 8,5 falt.
- Erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum eru áætlaðar 220 þúsund árið 2017, um 1,7% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Skagafirði

- Áætlað er að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010 en 431 þúsund árið 2017. Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2017. Þetta þýðir að 21,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Skagafjörð en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 26% á tímabilinu.

- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 277 þúsund árið 2017, eða 2,3 falt (130%). Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 154 þúsund, eða 7,4 falt.
- Erlendar gistinætur í Skagafirði eru áætlaðar 175 þúsund árið 2017, um 1,4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Eyjafirði

- Áætlað er að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010 en 533 þúsund árið 2017. Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,4 falt frá 2010 til 2017. Það þýðir að 26,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 hafi komið í Eyjafjörð en það hlutfall var 31% árið 2010. Því er áætlað að hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands hafi dregist saman um 15% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 339 þúsund árið 2017, eða 2,6 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í 194 þúsund, eða tífalt.
- Erlendar gistinætur í Eyjafirði eru áætlaðar 495 þúsund árið 2017, um 3,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

- Áætlað er að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010 en 529 þúsund árið 2017, sem er 3,7 földun. Þetta þýðir að 26,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 9% hlutdeild í erlendum gestum á tímabilinu 2010 til 2017.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 341 þúsund árið 2017, eða 2,7 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í sýslunum utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 188 þúsund, eða nær 12 falt.
- Erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar 523 þúsund árið 2017, um 4,1% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár.

Erlendir ferðamenn á norðausturhornið

- Áætlað er að 41 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um norðausturhorn Norðurlands árið 2017, þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði, en 14 þúsund árið 2010. Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2017. Þetta þýðir einnig að 2% af ferðamönnum til Íslands árið 2017 komu á norðaustursvæðið.

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Skýrsla þessi, þ.e. kafli 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2017 og kafli 3.0 um erlenda ferðamenn á Norðurlandi 2010-2017 byggir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar* (RRF) hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt allan ársins hring frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig oftast verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Í könnuninni hefur frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 verið spurt hvort ferðamenn hafi komið á eftirtalin svæði á Norðurlandi: Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Einnig hafa erlendir ferðamenn verið spurðir hvort þeir gistu á þessum svæðum og þá í hve margar nætur. Jafnframt hefur verið spurt um komur erlendra gesta á 24 staði á láglendi Norðurlands og 6 staði á hálendi landshlutans.

Hér verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2017 með samanburði við árin 2016, 2015, 2013 og 2010, til að varpa ljósi þróunina á þessu sjö ára tímabili. Að jafnaði tóku 3-4 þúsund erlendir gestir þátt í *Dear Visitors* könnuninni hvert þeirra ára sem hér er unnið með (rétt um 4 þúsund árið 2017).

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnun RRF sem komu til Íslands eða heimsóttu svæðin fjögur á Norðurlandi skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komugestum, næturgestum og fjölda gistinátta erlendra gesta á svæðin að sumri og utan sumars og eftir mánuðum árin 2017, 2016, 2015, 2013 og 2010. Eins verður þróun þessara þátta skoðuð fyrir allt Norðurland. Jafnframt verður fjallað um muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum) o.fl. Ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir í sex markaðssvæði eftir búsetu. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir "önnur svæði".

Tafla 1.1

Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Önnur svæði	A-Evrópa, Afríka, Asía, Ástralía og S-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til

skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2017 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða Norrænu árið 2017, um 2.004 þúsund manns.¹ Áætlað er að 1.277 þúsund þeirra hafi komið utan sumars (64%) en 727 þúsund sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (36%).

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun töflunnar:

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2017 (júní-ágúst) kváðust hafa komið á ákveðið svæði verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 2,5%, miðað við um 1.500 svarendur er þá tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikið +/- 1,5%.

¹. Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifsstöð 2017, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvöllina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, alls um 2.226 þúsund gestir. Í þessari skýrslu verður hins vegar reiknað út frá 90% þessa fjölda og miðað við 2.004 þúsund erlenda gesti til Íslands árið 2017; 727 þúsund yfir sumarmánuðina þrjá og 1.277 þúsund utan þess tíma. Sjá nánar í neðamálsgrein 3.


2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2017

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldi þeirra stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en 2011-2017 hefur verið einstaklega mikil fjölgun (20-40% á ári). Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju 2004-2017,

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2017

ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk



fjölgaði úr 362 þúsund í rúmlega 2,2 milljónir, eða rúmlega sexfalt (áætlaðir rétt um 2 milljónir árið 2017 ef sjálftengifarþegar og erlent verkafólk er frátalið).

Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum.

Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu síðustu árin má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010, mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi og meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því er átakið *Ísland allt árið*.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2017 um 64% gesta til landsins en sumargestir 36%. Þá hefur erlendu vinnuafli nú fjölgað verulega á ný síðustu árin, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði.


Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2017 voru erlendar gistinætur á Íslandi heldur færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta. Einnig hefur meðaldvöl sumargesta lítilllega verið að styttest og var t.d. um 8,7 nætur að jafnaði sumarið 2017 samkvæmt könnunum RRF en um 5,2 nætur utan sumars (að jafnaði 6,4 nætur á ferðamann árið 2017). Þannig má áætla að árið 2017 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 12,9 milljónir talsins; þar af um 6,3 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (49%) en 6,6 milljónir hina níu mánuði ársins (51%). Eru þá öll

form gistingar meðtalin; á hótélum, gistiheimilum, farfuglaheimilum, á tjaldsvæðum, hjá vinum, í húsbílum, Airbnb, 'camper' bílum sem nú ryðja sér til rúms, tjaldi á víðavangi o.s.frv.²

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum urðu heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku árið 2016 og 2017 hefur hins vegar skilað þeim á toppinn meðal gesta utan sumars. Þá hefur gestum utan helstu hefðbundnu markassvæða okkar einnig fjölgað mjög mikið og urðu fleiri en Bretar utan sumars 2017.

Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi. Að sumri voru ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) lengi vel fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá Norður-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbaráttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá Norður-Ameríku áberandi fjölmennastir gesta frá einstökum markaðssvæðum og juku það forskot mikið sumarið 2016 og enn frekar 2017. Gestir í hópnum „aðrir“ náðu þar öðru sætinu af Mið-Evrópubúum sumarið 2017. Ferðamenn frá Suður-Evrópu (mest Frakkland, þá Spánn og síðan Ítalía) og Mið-Evrópu koma nú orðið svipað margir til Íslands að sumarlagi og utan þess. Þetta má sjá nánar á myndum 2.2 og 2.3.³

Myndir 2.2-2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum farþegar með flugi og ferju, sumur og vetur 2004-2017



² Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016 og 10% árið 2017 hafi verið vegna sjálftengifarþega (þurfa að skipta um flugvél eða fara út af vellinum og til baka samdægurs) og erlendra verkamanna sem ekki eru ferðamenn á Íslandi í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir) árið 2016 og 90% af heildinni, eða 2.004 þúsund árið 2017 (1.796.000 - 90.000 árið 2016 og 2.226.000-222.000 árið 2017).


³ Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars) - nema árin 2016 og 2017 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-deseember).

Í hópnum „aðrir“ eru t.d. allir ferðamenn frá Asíu, þar með talinn mjög vaxandi fjöldi Kínverja en einnig Japanir, íbúar Suður-Kóreu, Singapore, Hong Kong, Taívan, Indlands og Ísrael. Má gera ráð fyrir að Asíubúar séu um eða yfir helmingur þeirra sem hér eru í flokknum „aðrir“, þ.e. um 200 þúsund gestir árið 2017. Auk þess falla í flokkinn „aðrir“ íbúar Ástralíu, fjölmargra landa í austurhluta Evrópu og Eystrasaltsríkjanna. Einnig öll lönd Afríku, Mið- og Suður-Ameríku, en gestum þaðan fjölga hægar.

Sumarið 2017 voru um 33% erlendra ferðamanna sem komu til Íslands með flugi eða ferju frá Norður-Ameríku, 19% utan helstu markaðssvæða, 17% frá Mið-Evrópu, 12% frá Suður-Evrópu, 9% frá Norðurlöndunum, 6% frá Bretlandi og 4% frá Benelux löndunum. Utan sumars 2017 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru 29% gesta frá Norður-Ameríku, 21% utan helstu markaðssvæða, 20% frá Bretlandi, 11% frá Mið-Evrópu, 8% Norðurlandabúar og sama hlutfall frá Suður-Evrópu en 3% frá Benelux löndunum.


Myndir 2.4-2.5

Skipting erlendra gesta á Íslandi 2017
eftir markaðssvæðum



2.2 Ferðamáti og farartæki

Mynd 2.6 Ferðamáti erlendra
sumargesta á Íslandi 1996-2017




Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá Rannsóknnum og ráðgjöf ferðapjónustunnar (RRF) sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópförð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist svo hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópförð.

Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópförð. Síðustu árin hafa svo kallaðar 'self drive' ferðir vaxið mikið, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram af ferðaskrifstofum/ferðaskipuleggjendum og auk þess er oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra

ferða. Sumarið 2017 voru 70% svarenda á eigin vegum, 16% í 'self drive' ferð og 14% í skipulagðri hópferð. Er það mjög svipuð niðurstaða og sumrin 2016 og 2015. Utan sumars 2017 er áætlað að 73% ferðamanna hafi verið á eigin vegum, 15% í 'self drive' ferð og 12% í hópferð.

Mynd 2.7 Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2017



Aukið sjálfstæði erlendra gesta helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum og að sama skapi minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% erlendra gesta sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2017 notuðu hins vegar um 67%

gestanna eitthvað bílaleigubíl í ferðum um Ísland, 24% hópferðabíl og 14% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (með Norrænu), á bílum vana/ættingja á Íslandi eða hjóla um landið.


Þá nýttu um 65% gesta á jaðarmánuðunum 2017 sér bílaleigubíl (mars, apríl, maí, september og október) og um 45% gesta yfir fjóra dimmstu vetrarmánuðina (janúar, febrúar, nóvember og desember). Ef allt árið 2017 er skoðað er áætlað að um 60% ferðamanna hafi þá nýtt sér bílaleigubíla. Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2017 og t.d. nær helmingur gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en rúmlega 30% á jaðarmánuðunum.

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Gott er að hafa í huga að ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á síðasta áratug. Þannig komu 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 en 128 þúsund árið 2017, sem er 2,8 földun (184%). Þessir ferðamenn dreifast einkum á mánuðina júní til september en koma einnig lítillega í maí. Þeir gista nær eingöngu um

borð í skipunum en fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað. Flestir gestir með skemmtiferðaskipum árið 2017 voru að vanda frá Þýskalandi, Bandaríkjunum og Bretlandi. Frá byrjun þessarar aldar hefur farþegafjöldi frá þessum þremur löndum ætíð verið mestur.⁴

Mynd 2.8 Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2017



⁴ Heimild: www.faxafloahafnir.is

3.0 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2017


3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010, 184 þúsund árið 2013, 267 þúsund árið 2015, 338 þúsund árið 2016 og 451 þúsund árið 2017 (sbr. mynd 3.1). Samkvæmt því 3,3 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2017 og jókst um 34% frá 2016 til 2017. Þetta þýðir einnig að 22,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010 (um 490 þúsund ferðamenn til landsins það ár).⁵ Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 18% á tímabilinu.

Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 284 þúsund árið 2017, eða um 2,5 falt (150%). Hins vegar fjölgaði erlendum gestum utan sumartíma þar mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 167 þúsund, eða 8,5 falt.

Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Húnavatnssýslum hefur lengst á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað í verulegu mæli um níu ársins (mars-nóvember) og eitthvað alla mánuði ársins.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Húnavatnssýslur eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



2017	7,9	7,0	12,8	18,5	38,0	61,4	108,8	114,2	59,2	11,2	9,4	2,9
2016	1,8	0,7	8,0	8,6	30,9	55,4	74,0	80,0	39,1	30,3	5,1	3,8
2015	1,7	0,8	8,1	7,0	11,1	35,8	82,1	79,6	27,0	9,9	2,7	1,5
2013	2,4	4,0	3,9	5,1	11,7	31,7	50,0	56,4	8,3	5,1	3,0	2,6
2010	1,0	0,2	2,1	2,5	2,5	21,2	45,1	49,5	8,0	2,4	0,5	0,3


⁵ Hér er gengið út frá því að 90% þeirra erlendu gesta sem fóru frá landinu með flugi eða ferju árið 2017 hafi verið ferðamenn, eða 2.004 þúsund af alls um 2.226 þúsund erlendum brottförum. Hin 10% hafi verið sjálftengifarþegar eða erlendir starfsmenn á Íslandi. Viðmiðunartala fjöldaáætlana í þessari samatekt miðast því við 2.004 þúsund ferðamenn árið 2017 eins og áður var nefnt.



Frá tjaldsvæðinu á Blönduósi.

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2017 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 451 þúsund erlendum gestum hafi 187 þúsund gisti (41,5%) en 264 þúsund verið dagsgestir (58,5%). Um 45,5% sumargesta gistu í sýslunum en 35% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2017




Þeir 187 þúsund erlendu gestir sem gistu Húnavatnssýslum árið 2017 dvöldu þar að jafnaði nær 1,2 nætur en næturgestir árin 2016, 2015, 2013 og 2010 í 1,2-1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum áætlaðar 220 þúsund árið 2017 eða um 1,7% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, (alls áætlaðar um 12,9 milljónir sbr. kafla. 2.1), 175 þúsund árið 2016, 122 þúsund árið 2015, 74 þúsund árið 2013 og 60 þúsund árið 2010.⁶

Árið 2017 er áætlað að 29% erlendra gistinátta í Húnavatnssýslum hafi verið utan sumars (63 þúsund), 32% árið 2016, 27% árið 2015 en aðeins 10% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést

⁶. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Húnavatnssýslna áætlaðar og meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar er Hveravellir og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið 5-6 þúsund. Auk þess gista sumarferðamenn nokkuð á hálendi Húnavatnssýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.


betur á mynd 3.3. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistingu í sýslunum hlutfallslega utan sumars.

Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Húnavatnssýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Húnavatnssýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2017 er áætlað að af 451 þúsund erlendum gestum í Húnavatnssýslum hafi 122 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (27%), 103 þúsund í Norður-Ameríku (23%), 84 þúsund í Mið-Evrópu (18,5%), 73 þúsund í Suður-Evrópu (16%), 25 þúsund í Benelux löndunum (5,5%), 24 þúsund á Norðurlöndunum (5,5%) og 20 þúsund á Bretlandseyjum (4,5%).

Mynd 3.4 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Húnavatnssýslum eftir markaðssvæðum árið 2017



Þessi skipting er frábrugðin samsetningu ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2017, sbr. dálkinn hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig skila gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum áður utan okkar helstu markaðssvæða sér betur í Húnavatnssýslur en hlutfall þeirra af gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru Bretar ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan Norðurlandabúar. Þannig voru Bretar um 15% gesta til Íslands árið 2017 en einungis 4,5% af erlendum gestum í Húnavatnssýslum.

3.2 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði




Við Viðmýrarkirkju.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010, 191 þúsund árið 2013, 280 þúsund árið 2015, 353 þúsund árið 2016 og 431 þúsund árið 2017 (sbr. mynd 3.5). Samkvæmt því fjölgaði þeim þrefalt frá 2010 til 2017 og um 22% frá 2016 til 2017. Þetta þýðir einnig að 21,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Skagafjörð en það hlutfall var 29% árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 26% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 277 þúsund árið 2017, eða 2,3 falt (130%). Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 21 þúsund í 154 þúsund, eða 7,4 falt. Þessar niðurstöður sýna að ferðamannatíminn í Skagafirði hefur lengst. Nú koma ferðamenn þangað í verulegu mæli átta mánuði ársins (mars-október) og nokkuð yfir helstu vetrarmánuðina.


Mynd 3.5 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Skagafjörð eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



2017	6,3	5,7	9,4	14,7	35,6	52,5	110,0	114,7	58,8	12,3	6,7	2,5
2016	1,7	0,5	8,1	9,5	33,0	57,0	77,5	82,5	41,2	32,5	5,2	4,5
2015	2,0	0,7	8,6	7,6	12,3	35,8	87,8	83,6	27,1	10,8	2,1	1,5
2013	2,4	4,1	4,2	5,2	12,0	34,6	51,3	59,2	7,9	5,1	3,0	2,4
2010	1,0	0,2	2,3	2,5	2,6	21,2	47,9	52,0	9,4	2,3	0,3	0,3


Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Skagafirði eftir mánuðum ársins 2017 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 431 þúsund erlendum gestum þar hafi 130 þúsund gisti (30%) en 301 þúsund verið dagsgestir (70%). Um 37% erlendra sumargesta sem fóru um Skagafjörð gistu þar en 19% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.6 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Skagafirði eftir mánuðum 2017



Þeir 130 þúsund erlendu gestir sem gistu í Skagafirði árið 2017 dvöldu þar að jafnaði 1,35 nætur eins og næturgestir þar 2016, árið 2015 í 1,45 nætur og árin 2013 og 2010 í 1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Skagafirði áætlaðar 175 þúsund árið 2017 eða um 1,4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 155 þúsund árið 2016, 128 þúsund árið 2015, 56 þúsund árið 2013 og 57 þúsund árið 2010. Árið 2017 er áætlað að 20% erlendra gistinátta í Skagafirði hafi verið utan sumars, 35% árið 2016, 18% árið 2015, 13% árið 2013 og 5% árið 2010, sbr. mynd 3.7.

Mynd 3.7 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Skagafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017






Kynning á skagfirskum veigum í Kakalaskála.

Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Skagafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2017 er áætlað að af 431 þúsund erlendum gestum í Skagafirði hafi 118 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (23% þeirra), 99 þúsund í Norður-Ameríku (23%), 79 þúsund í Mið-Evrópu (18,5%), 75 þúsund í Suður-Evrópu (17,5%), 24 þúsund í Benelux löndunum (5,5%), 21 þúsund á Norðurlöndunum (5%) og 15 þúsund á Bretlandseyjum (3,5%).

Mynd 3.8 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Skagafirði eftir markaðssvæðum árið 2017




Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2017, sbr. dálkinn hægra megin við grafið að ofan. Erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum áður utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Skagafjörð en hlutfall þeirra af gestum til Íslands gæti bent til. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandi ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan Norðurlandabúar. Þannig voru Bretar um 15% gesta til Íslands árið 2017 en einungis 3,5% af erlendum gestum í Skagafirði.

3.3 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010, 223 þúsund árið 2013, 334 þúsund árið 2016, 459 þúsund árið 2016 og 533 þúsund árið 2017 (sbr. mynd 3.9).⁷ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,4 falt frá 2010 til 2017 og um 12% frá 2016 til 2017. Þetta þýðir einnig að 26,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2017 komu í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Miðað við það því hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 15% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 339 þúsund árið 2017, eða 2,6 falt (160%). Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í um 194 þúsund, eða tífalt. Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Eyjafirði hefur lengst verulega á síðustu árum og að nú koma ferðamenn þangað í verulegu mæli átta mánuði ársins, nokkuð í janúar, febrúar og nóvember en síst í desember.

Mynd 3.9 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Eyjafjörð eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017




2017	8,7	7,3	19,3	22,9	43,4	75,4	131,0	132,5	65,0	13,5	9,9	4,3
2016	3,7	1,8	10,3	12,9	37,3	69,0	96,3	105,2	68,3	39,0	8,0	7,4
2015	2,9	1,2	13,4	9,7	14,5	42,2	102,1	95,5	33,2	13,3	4,3	1,9
2013	2,3	4,7	6,3	6,7	16,3	38,1	58,6	67,1	9,0	7,0	4,0	2,9
2010	1,0	0,2	2,4	2,5	2,7	21,8	52,6	57,4	7,6	2,5	0,2	0,2

Á mynd 3.10 má sjá áætlaðan fjölda og skiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2017 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 533 þúsund erlendum gestum þar hafi 300 þúsund gisti (56%) en 233 þúsund verið dagsgestir (44%). 56% sumargesta í Eyjafirði 2017 gistu og einnig 56% þeirra sem komu utan sumars.

⁷. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir. Þeir voru líklega nálægt 100 þúsund til Akureyrar 2017. Að þeim meðtöldum má áætla erlenda gesti í Eyjafirði um 630 þúsund í fyrria.

Mynd 3.10 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2017



Þeir 300 þúsund erlendu gestir sem gistu í Eyjafirði árið 2017 dvöldu þar að jafnaði í 1,65 nætur en næturgestir árið 2016 í 1,75 nætur, árið 2015 í 2,0 nætur, árið 2013 í 2,3 nætur og árið 2010 í 1,8 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Eyjafirði áætlaðar 495 þúsund árið 2017, eða um 3,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 493 þúsund árið 2016, 397 þúsund árið 2015, 286 þúsund árið 2013 og 166 þúsund árið 2010.⁸




Í Hrísey.

⁸. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Eyjafjarðar meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar er Laugafell og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið nálægt tvö þúsund. Auk þess gista ferðamenn nokkuð á hálendi Eyjafjarðar í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.


Árið 2017 er áætlað að 34% erlendra gistingu í Eyjafirði hafi verið utan sumars, 40% árið 2016, 26% árið 2015, 29% árið 2013 og 14% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.11.

Mynd 3.11 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Eyjafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Eyjafjörð eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2017 er áætlað að af 533 þúsund erlendum gestum í Eyjafirði sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 148 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (28%), 116 þúsund í Norður-Ameríku (21,5%), 101 þúsund í Mið-Evrópu (19%), 86 þúsund í Suður-Evrópu (16%), 29 þúsund í Benelux löndunum (5,5%), 29 þúsund á Norðurlöndunum (5,5%) og 24 þúsund á Bretlandseyjum (4,5%),

Mynd 3.12 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Eyjafirði eftir markaðssvæðum árið 2017



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2017 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum áður utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Eyjafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum.


3.4 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013, 326 þúsund árið 2015, 443 þúsund árið 2016 og 529 þúsund árið 2017 (sbr. mynd 3.13).⁹ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,7 falt frá 2010 til 2017 og um 19% frá 2016 til 2017. Þetta þýðir einnig að 26,5% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2016 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 9% hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2017.

Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 341 þúsund árið 2017, eða 2,7 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum vetrargestum í sýslunum margfalt meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 188 þúsund, eða nær 12 falt.

Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst umtalsvert og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklu mæli að vori og hausti (mars, apríl, maí og september). Hins vegar gengur fremur hægt að fjölga ferðamönnum yfir dimmustu vetrarmánuðina, einkum þó í janúar, febrúar og desember.

Mynd 3.13 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



2017	6,8	6,5	21,0	23,3	43,8	83,2	128,5	129,8	58,8	13,1	10,0	4,4
2016	3,0	1,2	9,7	11,8	36,8	66,2	94,0	102,7	71,8	36,0	5,1	5,1
2015	2,6	0,6	12,6	9,2	13,5	42,9	97,4	96,5	34,4	11,4	3,4	1,5
2013	1,3	3,0	3,5	5,0	15,7	34,6	60,1	62,8	8,6	5,2	3,6	1,4
2010	1,0	0,3	2,1	2,2	1,3	20,4	50,4	56,5	6,7	1,7	0,2	0,2


⁹. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtöldir en þeir voru líklega nálægt 100 þúsund til Akureyrar árið 2017. Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Akureyrar fóru um 60 þúsund þeirra (60%) í skoðunarferðir; þar af 45-50 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Að þessum gestum meðtöldum má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum allt að 580 þúsund árið 2017.



Erlendir ferðamenn við Goðafoss.

Á mynd 3.14 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2017 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 529 þúsund erlendum gestum þar hafi 297 þúsund gisti (56%) en 232 þúsund verið dagsgestir (44%). Um 60% sumargesta gistu en 49% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.14 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2017




Þeir 297 þúsund erlendu gestir sem gistu í Þingeyjarsýslum árið 2017 dvöldu þar að jafnaði 1,75 nætur en næturgestir árin 2016 og 2016 í 1,7 en í 2,2 nætur árin 2013 og 2010. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 523 þúsund árið 2017, um 4,1% af erlendum gistinóttum á Íslandi, 433 þúsund árið 2016, 351 þúsund árið 2015, 267 þúsund árið 2013 og 233 þúsund árið 2010.¹⁰ Árið 2017 er áætlað að 27% erlendra gistinátta í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars (142 þúsund), 33% árið 2016, 23% árið 2015, 11% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta

¹⁰. Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar. Helstu gististaðir þar eru Drekgil við Öskju og Herðubreiðarlindir. Þar hafa skráðar gistinætur undanfarin ár verið 6-8 þúsund, um þrefalt fleiri í Drekgili en í Herðubreiðarlindum. Auk þess gista ferðamenn talsvert á hálendi Þingeyjarsýslna í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.


sést betur á mynd 3.15. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistingu á svæðinu hlutfallslega utan sumars.

Mynd 3.15 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Þingeyjarsýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



Áhugavert er að skoða skiptingu erlendra ferðamanna sem komu í Þingeyjarsýslur eftir markaðssvæðum og bera saman við skiptingu allra ferðamanna til Íslands. Árið 2017 er áætlað að af 529 þúsund erlendum gestum í Þingeyjarsýslum sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 140 þúsund verið búsettir utan okkar helstu markaðssvæða (26,5%), 120 þúsund í Norður-Ameríku (22,5%), 97 þúsund í Mið-Evrópu (18,5%), 87 þúsund í Suður-Evrópu (16,5%), 29 þúsund á Bretlandseyjum (5,5%), 29 þúsund í Benelux löndunum (5,5%) og 27 þúsund á Norðurlöndum (5%).

Mynd 3.16 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum eftir markaðssvæðum árið 2017



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2017 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, Benelux löndunum og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 15% gesta til Íslands árið 2017 en einungis 5,5% af erlendum gestum í Þingeyjarsýslum.


3.4.1 Erlendir ferðamenn á norðausturhorninu



Hrossagauksungi.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 14 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað norðausturhorn Norðurlands árið 2010 (þ.e. komið að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði), 21 þúsund árið 2013, 32 þúsund árið 2015, 39 þúsund árið 2016 og 41 þúsund árið 2017 (sbr. mynd 3.17). Af þeim sem komu árið 2017 má áætla að 5-6 þúsund hafi verið Norrænufarþegar. Samkvæmt því fjölgaði erlendum ferðamönnum á þessu svæði þrefalt frá 2010 til 2017 en aðeins um 6% frá 2016 til 2017. Þetta þýðir að 2% af ferðamönnum til Íslands árið 2017 komu norðaustursvæðið, þar af 4,3% sumargesta en 0,8% gesta utan sumars, en 2,9% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur svæðið misst um 30% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.

Mynd 3.17 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna norðausturhornið sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017




Samkvæmt þessu fóru 8% af erlendum ferðamönnum í Þingeyjarsýslum árið 2017 (af þeim sem komu með flugi eða ferju til landsins) eitthvað um norðaustursvæðið, 9,1% sumargesta þar en 5,3% gesta utan sumartíma.

3.5 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi öllu

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 573 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið eitthvað á Norðurland árið 2017 af 2.004 þúsund erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi eða ferju, eða 29% þeirra.¹¹ Af þeim er áætlað að 360 þúsund hafi komið að sumarlagi (63%) en 213 þúsund utan sumars (37%).

Alls er áætlað að 727 þúsund ferðamenn með ferju eða flugi hafi komið til Íslands sumarið 2017 en 1.277 þúsund ferðamenn hina níu mánuði ársins. Samkvæmt því má áætla að 49,5% erlendra sumargesta árið 2017 hafi eitthvað lagt leið sína á Norðurland og um 17% erlendra ferðamanna utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí og september 2017 er áætlað að 35-37% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 16-18% gesta í mars og apríl en 5-9% gesta yfir vetrarmánuðina janúar, febrúar, október, nóvember og desember.

Mynd 3.18 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Ísland og Norðurlandi og hlutfall gesta á Norðurlandi eftir mánuðum 2017




Af 573 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2017 sem komu til Íslands með flugi eða ferju er áætlað að 456 þúsund hafi gist, eða 80%, en 117 þúsund verið dagsgestir, eða 20%.

Til samanburðar má nefna að af 502 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2016 er áætlað að 393 þúsund hafi gist, eða 78%, en 109 þúsund verið dagsgestir (15%). Af 358 þúsund erlendum gestum á Norðurlandi árið 2015 er áætlað að 309 þúsund hafi gist, eða 85%, en 49 þúsund verið dagsgestir (15%). Þá er áætlað að af 234 þúsund erlendum gestum í landshlutanum árið 2013 hafi 197 þúsund gist (84%) en 37 þúsund verið í dagsferð (16%). Árið 2010 er síðan áætlað að 159 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína á Norðurland. Þar af hafi 145 þúsund gist (91%) en 14 þúsund verið í dagsferð (9%). Sjá nánar mynd 3.19.

¹¹ Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru líklega rúmlega 100 þúsund á Norðurlandi árið 2017. Með þeim má áætla erlenda gesti á Norðurlandi alls um 680 þúsund í fyrra.

Þannig er áætlað að erlendum næturgestum á Norðurlandi hafi fjölgað 3,2 falt frá 2010 til 2017 en dagsgestum 8,4 falt. Heildarfjöldi erlendra gesta á Norðurlandi jókst 3,6 falt á tímabilinu.

Mynd 3.19 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta á Norðurlandi 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017




Áætlað er að 456 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2017 hafi gist þar í alls í 1.413 þúsund nætur, 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi, eða í 3,1 nætur að jafnaði. Þar af hafi 304 þúsund gist þar sumarið 2017 í 3,3 nætur að jafnaði en 152 þúsund gist þar utan sumars í að jafnaði 2,7 nætur.

Þá er áætlað að erlendar gistinætur á Norðurlandi hafi verið alls 1.266 þúsund árið 2016, tæplega 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi, 998 þúsund árið 2015 eða tæplega 12% af heildinni, um 682 þúsund árið 2013, 12% af heildinni, og 516 þúsund árið 2010 eða 15% af heildinni.

Þannig er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.413 þúsund 2017, eða nær 2,7 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 1.003 þúsund að sumarlagi frá 2010 til 2017, eða 2,2 falt (115%), en úr 50 í 410 þúsund utan sumars, eða 8,2 falt.¹²


¹² Það má lauslega áætla gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Norðurlands 25-30 þúsund árið 2017 og eru þær innifaldar í heildargistinátatölunni. Þar af hafi 10-11 þúsund þeirra verið á hálendi Húnavatnssýslna (mest Hveravellir), 1-2 þúsund á hálendi Skagafjarðar, 3-4 þúsund á hálendi Eyjafjarðar (mest Laugafell) og 11-13 þúsund á hálendi Þingeyjarsýslna (mest í Herðubreiðarlindum og í Drekgili). Þá gistu erlendir ferðamenn einnig í öðrum skálum á hálendi Norðurlands og tjölduðu eða gistu í húsbílum utan skála eða tjaldsvæða. Áætlað er að 85-90% af gistinóttum á hálendi Norðurlands 2017 hafi verið að sumarlagi en 10-15% utan sumars (mest í september).

Mynd 3.20 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu á Norðurlandi að sumri og utan sumars 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



Á mynd 3.21 má sjá áætlaða þróun í fjölda og hlutfalli gistingu á svæðunum fjórum á Norðurlandi 2010-2017. Þar má t.d. sjá að 37% gistinguanna árið 2017 voru í Þingeyjarsýslum, 35% í Eyjafirði, 16% í Húnavatnssýslum og 12% í Skagafirði.

Mynd 3.21 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu eftir svæðum á Norðurlandi 2010, 2013, 2015, 2016 og 2017



Karlar voru heldur líklegri til að fara um Norðurland en konur. Þá fór fólk á aldrinum 18-35 ára þangað hlutfallslega frekar en þeir sem eldri voru. Fólk í 'self drive' ferð (gisting o.fl. skipulagt af öðrum) var líklegri til að heimsækja Norðurland þar en þeir sem voru alfarið á eigin vegum eða í skipulagðri hópferð. Í samræmi við það voru þeir sem nýttu sér bílaleigubíla í ferðinni mikið líklegri til að heimsækja Norðurland en fólk sem nýtti hópferðabíla eða áætlanarbíla. Þá fór fólk á ferð með maka/sambúanda helst allra föruneystishópa á Norðurland en síst þeir sem voru einir á ferð. Norrænugestur eru síðan margfalt líklegri til að koma á Norðurland og svæði þar en ferðamenn sem koma til Íslands með flugi.